



# Reglur um stöðuleyfi gáma og lausafjarmuna í Kópavogi

## 1. gr.

### *Leyfisveitingar*

Allir sem eru með

- a. Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, stór samkomutjöld eða
- b. hjólhýsi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí

skulu sækja um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjarmunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. 1. mgr. gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 1. mgr. 60. gr. mannvirkjalaganir. 160/2010.

## 2. gr.

### *Umsóknir*

Umsókn skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar. Jafnframt skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjarmunirnir standi á. Með umsókn skulu fylgja uppdrettir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.

Umsókn um stöðuleyfi gáma gildir í 12 mánuði og skal endurnýja umsókn árlega og greiða gjöld fyrir stöðuleyfi samkvæmt gjaldskrá Kópavogsbæjar.

## 3. gr.

### *Staðsetning gáma*

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjarmunar, skv. 1. gr., veitt stöðuleyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis ætlað gámum eða öðrum lausafjarmunum til skemmri tíma (skemur en tvo mánuði) skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað, sbr.

3. mgr. gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 1. mgr. 60. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við hina leyfissskyldu lausafjármuna uppfylli ákvæði gildandi laga þar að lútandi, sbr. 4. mgr. gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 1. mgr. 60. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

#### 4. gr.

##### *Gámaflutningar*

Fyrirtæki skulu tilkynna byggingarfulltrúa um fjölda gáma sem sótt er um undanþágu frá gjaldskyldu, vegna tíðra gámaflutninga. Byggingarfulltrúi metur hvað telst vera tíðir gámaflutningar og hvort sækja þurfi um stöðuleyfi.

#### 5. gr.

##### *Gjaldskrá*

Bæjarstjórn Kópavogsbær ákveður gjaldtöku fyrir stöðuleyfi gáma samkvæmt 51. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þar er sveitarstjórnnum heimilað að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m. a. fyrir útgáfu stöðuleyfa og eftirlit. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á.

#### 6. gr.

##### *Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjármuni*

Með tilvísan í gr. 2.6.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er byggingarfulltrúa veitt heimild til að fjarlægja lausamuni sem tilgreindir eru í gr. 2.6.1. Þegar lausafjármunir sem getið er um í gr. 2.6.1. eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda. Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í gr. 2.6.1. eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjármunirnir verði fjarlægðir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis. Byggingarfulltrúi Kópavogs metur viðeigandi fresti hverju sinni.

7. gr.

*Gildissvið*

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar gr. 2.6.1 nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum. Öðlast gildi við birtingu undirritunardags.

Samþykkt á 111. fundi Umhverfis- og samgöngunefndar 26. febrúar 2019.

Samþykkt á 2963. fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar 27. júní 2019.

Og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Kópavogi 19.9.2019

  
Páll Magnússon  
Bæjarritari

